



BA-ritgerð
í íslensku sem öðru máli

Flíkin on fleek

Greining á áhrifum svartrar amerískrar ensku á íslenskum
rapptextum

Derek T. Allen

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir
Júní 2019

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska sem annað mál

Flíkin on fleek

*Greining á áhrifum svartrar amerískrar ensku á íslenskum
rapptextum*

Ritgerð til B.A.-prófs

Derek Terell Allen

Kt.: 211096-3229

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Apríl 2019

Ágrip

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða þætti svartrar amerískrar ensku og hvernig þeir þættir birtast í íslenskum rapptextum. Í fyrsta hlutanum er aðeins sagt um menningarlega tengsl Íslands við Bandaríkin almennt með tillit tekið til samband Íslands við afrískættaða Bandaríkjamenn. Sagt er þá frá mögulegum uppsprettum þess málafrígðis og hvernig margir líta á það. Næst verða rætt nokkur atriði í sambandi við helstu einkenni þess málafrígðis, nefnilega einkennin sem varða málfræðina og hljóðkerfið. Annar hluti mun innihalda stuttar skýringar á hugtökunum slangur og slettur og hvernig þau hafa barst á Íslandi og á íslensku. Þriðji og síðasti hlutinn byrjar með því að kynna sögu íslenskrar rapptónlistar. Aðferðum mínum mun vera lýst og að lokum verður umfjöllun um athuganir mínar sýndar með ýmsum töflum og greinargerðum þar sem nokkur hugtök, orð, og orðatiltæki verða útskýrð. Þar verður tvær heimildaskrár: önnur fyrir söngvatexta og hin fyrir fræðilegar heimildir, greinir, orðabókafærslur, og allt annað.

Þessi ritgerð var unnin undir yfirsjón Þóru Bjarkar Hjartardóttur, sem mig langar að þakka fyrir allar hugmyndirnar sínar jafnt og aðstoð hennar við skipulagið. Mig langar einnig að þakka foreldrum mínum sem hafa óvart kennt mér svarta ameríska ensku og þar af leiðandi hafa hjálpað mér í þessum rannsóknum.

Efnisyfirlit

Ágrip	2
1. Inngangur	5
2. Helstu einkennir svartrar amerískrar ensku	5
2.1 Sagnir	6
2.1.1 Tíð og horf	6
2.1.2 Þriðja persónu eintölu	7
2.1.3 Eyðing tengisagnarinnar	8
2.1.4 Lok verknaðar	8
2.1.5 Sögnin <i>to be</i>	9
2.1.6 Orðmyndun <i>finna</i>	10
2.2 Neitun	10
2.3 Eign	11
2.4 Hljóðkerfi	11
2.4.1 Hljóðmyndun	11
2.4.2 Hljóðavíxl	12
2.4.3 Brottföll	12
2.5 Orðaforði	13
3. Slettur og slangur	13
4. Íslensk rapptónlist og sambandið hennar við svarta ameríska ensku	15
4.1 Saga rapptónlistar á Íslandi	15
4.2 Athugun á íslenskum rapptextum	16
4.2.1 Aðferð	16
4.2.2 Orðatíðni	17
4.2.3 Birtingarmyndir	27
4.2.3.1 Orð með enskum rithætti og enskri orðmynd	28
4.2.3.2 Orð með enskum rithætti og íslenskri orðmynd	28
4.2.3.3 Orð með íslenskum rithætti og enskri orðmynd	28
4.2.3.4 Íslensk orð og önnur orð með íslenskum rithætti og íslenskri orðmynd	29
4.2.4 Framburðaratriði	29
4.2.4.1 Einhljóðun tvíhljóða	30
4.2.4.2 Eyðing áherslulauss atkvæðis	30
4.2.4.3 Eyðing nefhljóðs	30

4.2.4.4 [ð] verður [t]	30
4.2.4.5 [ŋ] verður [n]	30
4.2.4.6 Eyðing [r]	31
4.2.4.7 Ósamræmi á milli texta og flutninga, og blöndun framburðar íslensku og ensku	31
5. Lokaorð	31
Heimildaskrá	33
Söngvatextar	39

1. Inngangur

Frá seinni heimsstyrjöld hefur Ísland verið undir miklum áhrifum bandarískrar menningar. Þessi áhrif hafa snert marga þætti í íslenskri menningu, þar meðal talið íslenska tungu. Í þessari ritgerð ætla ég að skoða áhrif afbrigðis bandarískrar ensku sem töluð er af hóp sem sést afar mikið í fjölmiðlunum, sérstaklega í dægurmenningu. Það er hópur sem ég er hluti af: afrískættaðir Bandaríkjamenn.

Þótt að bandarísk menning hafi valdið mörgum breytingum á Íslandi hafa bein áhrif svartra Bandaríkjamanna verið frekar takmarkað. Þetta er hugsanlega að hluta til vegna þess að Ísland neitaði að hýsa afrískættaða Bandaríkjamenn sem voru í hernum (Rósa María Hjörvar 2019). Nýlega hefur áhrif svartra Bandaríkjamanna aukist. Þessi áhrif eru auðséð þegar skoðuð er íslensk rapptónlist, þar sem notað er, að einhverju leyti, málafrígði sem kallast „Svört amerísk enska” (e. *African American Vernacular English*, skammstafað sem AAVE). Þetta málafrígði og einkenni þess heyrast mikið meðal svartra Bandaríkjamanna í öllum sviðum, stéttum, og kynslóðum, en það sést og heyrast sérstaklega vel í tónlistartegundum sem rekja sér rætur til þess hóps, eins og rapp, hipp-hopp, og ryþmablús. Áhugavert er að athuga hvernig málafrígðið sést og heyrast í tónlist sem er undir þessum áhrifum eins og í íslenskri rapptónlist.

Fyrst verður fjallað um einkenni svartrar amerískrar ensku og uppruna hennar. Þá verður rætt um slettur, slangur og hvernig rapptónlist barst til Íslands. Að lokum verður fjallað um áhrif þau sem svört amerísk enska hefur haft á íslenska rapptexta og dæmi sýnd um það.

2. Helstu einkenni svartar amerískrar ensku

Svört amerísk enska er málafrígði þar sem helstu notendur þess eru Bandaríkjamenn af afrískum uppruna. Nokkrar tilgátur eru um uppruna þess málafrígðis (sem skammstafað verður sem SAE í þessari ritgerð). Sumir telja að uppspretta þess séu vestur-afrísk tungumál, til dæmis kíkóngo, mande, og kwa. Þetta væri vegna þrælasögunnar þar sem flestir þrælarnir sem komu til Ameríku voru frá Vestur-Afríku (Lewis 2008:159). Aðrir halda að SAE sé frávik frá staðlaðri amerískri ensku (Veenendaal o.fl. 2014:26). Þriðja kenningin varðandi uppsprettu SAE er að hún sé kreólamál. Kreólamál eru mál sem er blanda úr tveim eða fleiri tungumálum sem verða að móðurmáli hjá ákveðinni kynslóð (Dwivedi 2015:12). Uppspretta þess

kreólamáls gæti verið Karíbahafið eða Suður-Karólína og Georgía, suðræn fylki þar sem kreólamálið Gullah er talað (Lewis 2008:159).

SAE hefur fengið orðstír sem „slæm enska”. Þetta er hugsanlega vegna þess að málafríð er talað af hóp sem hefur verið undirritaður í langan tíma í bandarískri sögu. Hins vegar er það ekki skýrt hver ástæðan er fyrir svona orðstír, en það er ljóst að fólki finnst málafríð frumstætt og tákn um fáfræði. Bandarískur fræðimaður skrifaði í ritgerð 1889 að „Negro English” væri „baby talk”. Enn fremur segir hann: „the African, from the absence of books and teaching, had no principle of analepsy in his intellectual furnishing by which a word, once become obscure from a real or supposed loss of parts or meaning, can be repaired, amended, or restored to its original form” (Lewis 2008:159). Rúmlega 100 árum síðar var augljóst að SAE var ennþá umdeilt. Skólastjórn í Oakland, borg sem er norðanleg í Kalífórni, ákvað að viðurkenna SAE sem gilt málafríð sem m.a. mætti nota í kennslustofum ef það átti við. Þetta varð stórt mál í fjölmiðlunum í desember 1996. Samkvæmt Pullum (1999:39) höfðu blaðamenn hjá *The New York Times* með mjög sterkar skoðanir varðandi þetta mál: „They ridiculed, they sneered, they frothed, they flamed, they raged, they lived off the story for weeks.”

Þótt SAE sé ekki vinsæl að dómi margra vegna þess að hún telst vera „frumstæð” er málafríð reyndar með staðlaðan framburð, málkerfi og orðaforða sem inniheldur orð sem eru annað hvort ekki til í staðlaðri amerískri ensku eða eru með öðruvísi merkingu en í staðlaðri amerískri ensku. Næst verða rætt nokkur mikilvæg atriði í málkerfi í SAE sem eru frábrugðin staðlaðri amerískri ensku. Einnig verður minnst á nokkur orð sem einkennandi eru fyrir SAE. Mörg þau atriði mátti heyra í íslenski rapptónlist eins og gerð verður grein fyrir í fjórða kafla.

2.1 Sagnir

2.1.1 Tíð og horf

Hér fylgir tafla þar sem við getum borið saman tíð og horf í svartri amerískri ensku og í staðlaðri amerískri ensku. Þar verða einnig íslenskar þýðingar í töflunni. Hér á eftir verður síðan gerð grein fyrir þeim einkennum í SAE sem eru frábrugðin staðlaðri ensku og sýnd eru hér ásamt fleiri atriðum.

Tafla 1: Tíð og horf

	Stöðluð amerísk enska	Svört amerísk enska	Íslenska
nú tíð	<i>She works.</i>	<i>She work.</i>	<i>Hún vinnur.</i>
þá tíð	<i>She worked.</i>	<i>She work./She worked. (valfrjálst)</i>	<i>Hún vann.</i>
dvalarhorf í nú tíð	<i>She is working.</i>	<i>She working.</i>	<i>Hún er að vinna.</i>
dvalarhorf í þá tíð	<i>She was working.</i>	<i>She was working.</i>	<i>Hún var að vinna.</i>
lokið horf í nú tíð	<i>She has worked.</i>	<i>She done worked.</i>	<i>Hún hefur unnið.</i>
lokið horf í þá tíð	<i>She had worked.</i>	<i>She had done worked.</i>	<i>Hún hafði unnið.</i>

Í staðlaðri amerískri ensku verða málnotendur að merkja tíð en horf. Þetta er hins vegar öfugt í SAE þar sem málnotendur verða að merkja horf en ekki tíð (Packer 2001).

2.1.2 Þriðja persóna eintölu

Í staðlaðri amerískri ensku er þriðja persónan táknuð með *-s* viðskeyti. Til dæmis, *It works* (Það virkar). Þetta málfræðilega atriði sést ekki í svartri amerískri ensku (Sidnell 2002:6). Þannig að setningin væri *It work* í SAE. Þetta leiðir að fyrirbæri í SAE þar sem orðið *don't* er notað í staðinn fyrir *doesn't* vegna þess að *s* viðskeytið er ekki til staðar (Sidnell 2002:7). Til dæmis:

- (1) a. Stöðluð amerísk enska: *It doesn't work.*
- b. Svört amerísk enska: *It don't work.*
- c. Íslenska: *Það virkar ekki.*

2.1.3 Eyðing tengisagnarinnar

Tengisögnina *to be* má fella burt í SAE. Þetta gerist einungis þegar hægt væri að nota stytta mynd af persónufornafni og sögninni í staðlaðri amerískri ensku (Sidnell 2002:11).

- (2) a. Stöðluð amerísk enska: *You are (You're) home.*
- b. Svört amerísk enska: *You home.*
- c. Íslenska: *Þú ert heima.*

Bæði stöðluð amerísk enska og svört amerísk enska nota tengisögnina *gonna* til þess að tákna ætlanir. Í staðlaðri amerískri ensku kemur *gonna* eftir *be* í setningum en henni er hins vegar sleppt í svartri amerískri ensku. Í framburði er verður það oft hluti af fyrra orðinu (Sidnell 2002:7).

- (3) a. Stöðluð amerísk enska: *You're gonna study.*
- b. Svört amerísk enska: *You gonna study.*
- c. Íslenska: *Þú ætlar að læra.*

Hér að neðan er hægt að sjá dæmi af brottfalli *gonna* og fyrra orðsins. Slíkt brottfall er helst gert við orðið *I'm*.

- (4) a. Stöðluð amerísk enska: *I'm gonna get dressed.*
- b. Svört amerísk enska: *I'mma get dressed.*
- c. Íslenska: *Ég ætla að klæða mig.*

2.1.4 Lok verknaðar

Hjálparsögnin *have* er notuð með lýsingarhætti þátíðar til að tákna lok verknaðar í staðlaðri amerískri ensku (Sidnell 2002:3-4). Þetta má fella niður í SAE, þar sem þetta fyrirbæri sést helst í sambandi við orðið *done*. Sem dæmi:

- (5) a. Stöðluð amerísk enska: *I've done that.*
- b. Svört amerísk enska: *I done that.*
- c. Íslenska: *Ég hef gert þetta.*

- (6) a. Stöðluð amerísk enska: *I have eaten that.*
 b. Svört amerísk enska: *I eaten that.*
 c. Íslenska: *Ég hef borðað þetta.*

2.1.5 Sögnin *to be*

Sögnin *be*, sem í staðlaðri amerískri ensku er notuð sem tengisögn hefur annað hlutverk í SAE. Þar er hún notuð annars vegar til að tákna endurtekinn verknað eða ástand (e. *habitual*) eða sem staðið hefur lengi yfir eða átt sér stað fyrir löngu (e. *remote*). Til að tákna verknað sem gerist reglulega er hægt að nota *be* eða *been*. Til þess að tákna eitthvað sem er að gerast í augnablikinu er tengisögninni sleppt. Til þess að tákna eitthvað sem gerðist fyrir löngu síðan má nota einungis *been*. Í öllum tilvikum er sögnin með áherslu, án persónu- og tölusamræmis við frumlagið, og tímalíðnum sleppt. Þessi formgerð má nota með sögnum líkt og önnur orð í alls konar myndum (Sidnell 2002:4-8).

- (7) a. Stöðluð amerísk enska: *He has been dancing for a long time.*
 b. Svört amerísk enska: *He (have) BEEN dancing.*
 c. Íslenska: *Hann hefur verið að dansa í langan tíma.*

Langur tími getur vísað í tiltölulega stutt tímabil og einnig lengra tímabil. *He BEEN dancing* má þýða t.d. ‘Hann hefur verið á dansgólfinu í fimm klukkutíma’ eða ‘Hann hefur starfað sem dansari í ellefu ár’.

- d. Stöðluð amerísk enska: *He danced a long time ago.*
 e. Svört amerísk enska: *He BEEN danced.*
 f. Íslenska: *Hann dansaði fyrir löngu síðan* (Hann dansaði einu sinni fyrir sex árum, Hann starfaði sem dansari fyrir nokkrum árum en ekki lengur, o.s.frv.).
 g. Stöðluð amerísk enska: *He finished dancing a long time ago.*
 h. Svört amerísk enska: *He (have) BEEN done danced.*

i. Íslenska: *Hann hætti að dansa fyrir löngu* (Dansflutningurinn hans kláraðist fyrir tveimur tímum, Hann hætti að starfa sem dansari fyrir áratugi, o.s.frv.).

- (8) a. Stöðluð amerísk enska: *They have been married for a long time.*
b. Svört amerísk enska: *They BEEN married.*
c. Íslenska: *Þeir/Þær/Þau hafa verið giftir/giftar/gift í langan tíma.*
- (9) a. Stöðluð amerísk enska: *She has been a doctor for a long time.*
b. Svört amerísk enska: *She BEEN a doctor.*
c. Íslenska: *Hún hefur verið læknir í langan tíma.*

2.1.6 Orðmyndin *finna*

Til að tákna verknað sem er alveg að fara að gerast er notuð orðmyndun *finna*, sem kemur frá *fixing to* (Staub og Zentz 2017), í SAE þar sem stöðluð amerísk enska notar dvalarhorf ásamt atviksorði sem hefur nálægðarmerkingu.

- (10) a. Stöðluð amerísk enska: *He is about to start.*
b. Svört amerísk enska: *He finna start.*
c. Íslenska: *Hann er alveg að byrja.*

2.2 Neitun

Eitt helsta einkenni SAE er tvöföld eða margföld neitun. Þannig verður *You do nothing* ‘Þú gerir ekkert’ að *You don’t do nothing* þar sem *do* er endurtekið með neitun. Slíkt fyrirbæri sést í eftirfarandi setningu: *Nobody can’t do nothing* sem væri tæk setning í SAE (Sidnell 2002:16-19).

Neitunarreglur eru þrjár í ensku almennt. Þær eiga við staðsetningu neitunar í setningu. Neitunin getur verið á frumlaginu (t.d. *anybody* verður *nobody*), með hjálparsögnum (t.d. *can* verður *can not, cannot, eða can’t*), eða á andlaginu (t.d. *anything* verður *nothing*). Í staðlaðri amerískri ensku er einungis hægt að hafa neitun í einum stað í setningu til þess að varðveita merkinguna. Í SAE hins vegar er hægt að hafa neitun í nokkrum stöðum í setningu (Sidnell 2002:17-19). Sem dæmi:

- (11) a. Stöðluð amerísk enska: *Nobody can do anything*.
 b. Svört amerísk enska: *Nobody can't do nothing*.
 c. Íslenska: *Enginn má gera neitt*.

Hjálparsögnin í neikvæðum setningum má vera fremst í setningunni án þess að um spurnarsetningu sé að ræða (Sidnell 2002:21). Þannig er setningin

Can't nobody do nothing.

fullyrðingarsetning en ekki spurningarsetning sem þýðir það sama og *Nobody can't do nothing*.

2.3 Eign

Eign er oft táknað í staðlaðri amerískri ensku með því að setja 's viðskeyti á eigandann í eignarfallseinkunn. Til dæmis, *the teacher's desk* 'skrifborð kennarans'. Þessu er oft sleppt hjá mörgum mælendum af SAE. Þannig að, það væri *the teacher desk*. (Sidnell 2002:22)

2.4 Hljóðkerfi

Hljóðkerfi svartrar amerískrar ensku er einnig að mörgu leyti sérstakt og hefur mörg einkenni sem eru ekki til staðar í staðlaðri amerískri ensku. Hér verða nefnd helstu einkennin.

2.4.1 Hljóðmyndun

Myndunarstaður samhljóða eða myndunarháttur er stundum ólíkur því sem er í staðlaðri amerískri ensku. Hér eru dæmi um fáein algeng atriði;

- (12) a. Síðasta hljóðið í atkvæði verður stundum að raddglufuhljóð (Pollock o.fl. 1998).

Dæmi: mad [mætʔ]

- b. Tannbergsmæltu önglhjóðin [θ] og [ð] verða oft varamælt [f] eða [v] innan orðs og í lok orðs (Pollock o.fl. 1998).

Dæmi: bath [bæf], Cathy [kæfi], bathe [beɪv]

- c. Tannbergsmælt [ð] verður oft að lokhljóði [d] fremst í orði og [t] aftast í orði (Zienkiewicz 2008).

Dæmi: this [dɪs], with [wɪt]

d. Uppgómælt nefhljóð [ŋ] verður tannbergsmælt [n] í lok tveggja atkvæða orða (Zienkewicz 2008).

Dæmi: tripping [trɪpɪŋ]

e. Tvíhljóð geta einhljóðast. Í tvíhljóðinu [aɪ:] er [ɪ:] sleppt og [a:] lengd. Til dæmis, orðið *line* ‘line’ væri borið fram [la:n] hjá mörgum mælendum SAE (Zienkewicz 2008).

2.4.2 Hljóðavíxl

Hljóðavíxl (e. metathesis) verða oft í SAE. Þau gerast þegar orð endar með *s* + lokhljóði. Til dæmis, orðið *ask* ‘spyrja’ væri borið fram [æks] hjá mörgum mælendum af SAE (Pollock o.fl. 1998).

2.4.3 Brottföll

Ýmiss konar brottföll hljóða verða í SAE sem ekki eru fyrir hendi í staðlaðri amerískri ensku.

(13) a. Hljóðum er stundum sleppt í lok orðs. Þetta gerist þegar orð endar á nefhljóði. Nefjunin varðveitist í slíkum orðum því hún flyst á sérhljóðið. Orðið *man* ‘karl’ væri borið t.d. fram sem [mæ] hjá mörgum mælendum SAE. Í orðum sem enda á samhljóðaklösum er síðasta samhljóðinu sleppt. Til dæmis, orðið *left* ‘vinstri’ er borið fram [lɛf] hjá mörgum mælendum SAE. Einnig er [r] oft sleppt þegar sérhljóði fylgir ekki. Dæmi af þessu tagi væri orðið *sister* ‘systir’ sem væri borið fram [sɪstə] hjá mörgum SAE mælendum (Pollock o.fl. 1998).

b. Hljóði er sleppt í byrjun orðs ef orðið byrjar á [w] eða [d], eins og *don't*, sem er borið fram [oʊnt] hjá mörgum mælendum SAE. Einnig er áhersluléttu atkvæði í upphafi orðs stundum sleppt (Zienkewicz 2008). Dæmi af orði sem er undir áhrifum þessarar reglu er *about* ‘um’ sem er borið fram [baʊt] hjá mörgum mælendum SAE (Pollock o.fl. 1998).

c. Hljóði er stundum sleppt í miðju orðs þegar atkvæði er áherslulétt. Dæmi um slíkt orð er *government* ‘ríkisstjórn’ sem margir mælendur SAE myndu bera fram sem [gʌvmənt] (Pollock o.fl. 1998).

2.5 Orðaforði

SAE notar ýmis orð sem eru ekki til í staðlaðri amerískri ensku eða eru notuð á annan hátt. Þessi orð eiga sér rætur annað hvort í vestur-afrískum málum eins og hása, wolof, og mandingó eða í ensku. Dæmi um orð sem eru vestur-afrísk að uppruna eru *bogus* ‘óekta’ sem kemur frá hása orðinu *boko* sem þýðir ‘svik’. Annað orð er *hip* ‘flottur’ sem kemur frá wolof orðinu *hepi* sem þýðir ‘að vera meðvitandi’. Sum orð sem eiga sér rætur í ensku en hafa aðra merkingu sem rekja má til vestur-afrískra mála. Dæmi um slík orð eru *cool* ‘flottur’, *dig* ‘að líka’, og *bad* ‘mjög gott’. *Cool* kemur frá mandingó orðinu *suma*, sem þýðir ‘hægt’ eða ‘rólegt’. Tengingin á milli þessara orða var gert vegna þess að *cool* getur einnig þýdd ‘rólegt’ í staðlaðri amerískri ensku þótt að orðið *cool* sé notað nú til dags á annan hátt (til að lýsa einhverju sem er gott). *Dig* kemur frá wolof orðinu *dega* sem þýðir ‘að kunna að meta’. Í mörgum vestur-afrískum málum og karabískum kreólumálum eru orð sem merkja ‘slæmt’ oft notuð til þess að tákna eitthvað sérstaklega gott (Sidnell 2012).

3. Slettur og slangur

Hér verður rætt um slangur og slettur. Fyrst verður fjallað um aðgreiningu slangurs frá slettum og svo verður rætt um hvernig þessi orð koma inn í ákveðið tungumál.

Sletta hefur fengið tvenns konar skilgreiningu. Hugtakið hefur verið skilgreint sem „orð eða samband orða sem borist hefur inn í tungumál úr öðru máli en er ekki viðurkennt þar sem það hefur ekki aðlagast hljóð- eða beygingarkerfinu” (Guðrún Kvaran 2002). Dæmi um slíka slettu úr ensku væri *tattoo* í staðinn fyrir *húðflúr* (Sóley Rut Þrastardóttir 2015:7). Önnur skilgreining á þessu hugtaki er „orð af erlendum uppruna sem notuð eru í íslensku en njóta ekki viðurkenningar í málinu líkt og tökuorð” (Guðmundur Erlingsson 2001) sem er frekar svipuð fyrrnefndri skilgreiningu. Hinsvegar segir Guðmundur að sumar slettur aðlagast íslensku vel ef

þær falla vel að íslenskri málfræði eða eru svipaðar og önnur íslensk orð. Hann gefur lesandanum dæmi um það með eftirfarandi setningu:

Viltu rétta mér mækinn (Orðið *mæk* kemur frá enska orðinu *mic(ro)phone* ‘hljóðnemi’).

Við sjáum hér að *mæk* er svipað og t.d. þolfallsmyndin af orðinu *kækur*.

Guðmundur heldur áfram að lýsa hvernig slettur aðlagast að viðeigandi orðflokki. Nýjar tókusagnir fá nafnháttarmynd og beygingardæmi í öllum persónum og tölum. Dæmi um slíkt orð væri *að dissa* sem kemur frá orðinu *to diss* ‘að vanvirða’. Lýsingarorðum eru ekki miklu breytt í sambandi við framburð og stigbreytast ekki. Dæmi um slíkt orð væri *kjút* ‘sætur’. Sum lýsingarorð fá fallbeygingu eins og *stressaður*. Nafnorð fá yfirleitt íslenska beygingu. Nafnorð úr erlendum tungum eru oftast talin hvorugkyn eins og *breik* ‘hlé’ en sum þeirra eru talin karlkyns- eða kvenkynsorð. Til dæmis er *lúser* ‘auli’ talið karlkynsorð og er *paranoja* ‘ofsóknaræði’ talið kvenkynsorð (Guðmundur Erlingsson 2001). Þessi orð fá kyn líklegast vegna þess að endingarnar eru svipað og önnur orð sem eru af sama kyni. Til dæmis, *lúser* endar á *-r* líkt og *læknir*, annað karlkynsorð og *paranoja* endar á *-a* líkt og mörg kvenkynsorð eins og *kona* eða *pera*.

Slettur eru sagðar vera fyrirbæri sem birtust fyrst í íslensku á 10. og 11. öld. Þessi fyrstu orð voru tekin úr latínu. Til dæmis, *klaustur* kom úr *claustrum*. Frá 17. öldinni fram á miðja 20. öld voru flestar slettur úr dönsku. Margar danskar slettur eru ekki lengur notaðar í nútímaíslensku. Enska hefur orðið tungumálið sem flestar slettur koma úr (Guðmundur Erlingsson 2001). Þetta er líklegast vegna þess að enska hefur orðið tungumál alheimsins sem oftast er notað þegar móðurmál tveggja mælenda er ekki það sama.

Slangur er orðfæri sem einkennist af óvenjulegu máli sem er einungis notað í tilteknum aðstæðum og kringum tilteknar manneskjur (Guðrún Kvaran 2002). Valið að nota slangur fer oft eftir aldri, atvinnu, eða áhugamálum viðmælenda (Sóley Rut Prastardóttir 2015:7). Guðmundur bætir einnig við á skilgreiningu Guðrúnar með því að leggja áherslu á hversu kraftmikið og tilfinningalegt slangur er. Hann tengir einnig slangur við gamansemi með því að sýna að mörg slangurorð eru tengd áfengi, kynlífi,

og pening, hlutir sem annað hvort mörgum finnst gaman eða veita aðgang að skemmtilegum reynslum og tilfinningum. Slangurorð eru yfirleitt tiltölulega ný í tungumálum vegna þess að þau eru tengd vinsælum hugmyndum og fjölmiðlum nútímans (Guðmundur Erlingsson 2001).

Guðmundur heldur áfram að ræða ástæður þess að fólk notar slangur í máli sínu. „Málnotandinn getur notað slangur til að falla betur inn í ákveðinn hóp samfélagsins sem honum þykir eftirsóknarverður eða vill eiga samskipti við. Með því sýnir hann einnig öðrum hverjum hann tilheyrir.” (Guðmundur Erlingsson 2001). Hann lýkur þessari lýsingu með því að benda á hvernig slettur eru hluti af slangri og hversu áhrifamikið erlendar fjölmiðlar geta verið varðandi slangurgerð.

4. Íslensk rapptónlist og sambandið hennar við svarta ameríska ensku

Núna verður rætt um íslenska rapptónlist og áhrif svartrar amerískrar ensku á textagerð þessarar tónlistarstefnu. Fjallað verður um sögu íslenskrar rapptónlistar. Einnig verður fjallað um athugun mína á orðfari og framburði í þessum textum.

4.1 Saga rapptónlistar á Íslandi

Rapptónlist barst til Íslands á miðjum tíunda áratugnum. Árið 1996 gaf íslenska hljómsveitin Quarashi út plötuna *Switchstance*. Ári seinna gaf hljómsveitin Subterreanean út plötuna sína *Central Magnetizm*. Þessar plötur voru líkar bandarískri rapptónlist að mörgum leyti, helst vegna þess að þær voru á ensku. Hlustendur af plötunni hjá Quarashi báru hljómsveitina saman við Beastie Boys, rapphljómsveit sem var stofnuð í New York-borg. Platan Subterreanean var sögð vera svo lík bandarískum rappplötum að frumleika vantaði í plötuna (Arnar Eggert Thoroddsen 2018).

Íslenska rappsenan byrjaði að breytast árið 2000 þegar hljómsveitin 110 Rottweilerhundar (sem síðar skipti 110 út fyrir XXX) sigraði söngvakeppni haldna af Hinu Húsinu sem kallast Músíktílaunir. Ári seinna gaf hljómsveitin út fyrstu plötuna sína á íslensku. Þessi plata var sú fyrsta af þessu tagi í þessari tónlistartegund og leiddi að því sem hefur verið nefnt fyrri bylgja íslenskrar rapptónlistar. Fyrri bylgjan endar um 2003 þegar margir aðrir listamenn komu fram á sjónarsviðið. Meðal nýju rapparanna á milli 2003 og 2015 voru Poetrix, Dabbi T. og Igore, hljómsveit mynduð af tveim körlum og tveim konum. Þetta telst hins vegar ekki sem seinna bylgjan vegna

Þess að rapptónlist var ennþá neðanjarðar. Þannig að hefur þetta tímabil verið kallað *bylgju 1,5*. Seinni bylgjan hófst 2015 þegar Gísli Pálmi gaf út fyrstu plötuna sína, sem ber sama nafn og hann. Íslenskt rapp varð þá mjög vinsælt vegna þess að rapptónlist var orðin vinsæl um allan heiminn á þeim tíma. Eftir Gísla Pálma komu margir fram eins og Emmsjé Gauti, sem er talinn vera vinsælasti rappari landsins. Þá komu einnig Reykjavíkurdætur fram, fyrsti hópur af kvenröppurum á Íslandi. Þar komu einnig Sturla Atlas, sem flytur á ensku, og tvíeykið Úlfur Úlfur, sem flytur á íslensku. Aðeins seinna komu fram Aron Can, Herra Hnetusmjör, Joey Christ, JóiPé og Króli (stílfært sem JóiPé x Króli), og fleiri kvenrapparar eins og Countess Malaise og Alvia Islandia (Arnar Eggert Thoroddsen 2018). Kvenrapparinn Cell7, sem var meðlimur í Subterreanean, varð virk á ný í 2017 eftir fjögurra ára fjarveru (Atli Þór Ægisson 2017).

4.2 Athugun á íslenskum rapptextum

4.2.1 Aðferð

Ég bjó fyrst til lista með ýmsum röppurum sem ég þekkti nú þegar og svo fann ég fleiri á netinu. Næst fór ég á vefsíðu að nafni Genius sem er gagnasafn söngvatexta þar sem ég fann texta margra íslenskra rappara. Á þessari vefsíðu eru söngvatextar lagðir fram af notendum vefsíðunnar sem koma alls staðar af úr heiminum, tala alls konar tungumál og hlusta á alls konar tónlistartegundir. Mjög mikið af lögum eru aðgengileg á þessari síðu og þetta er sú helsta heimild sem ég notaði vegna þess að það var oft eina vefsíðan þar sem ég gat nálgast skriflega útgáfu af textunum. Næsta skref var að lesa yfir textana sem ég valdi og merkja orð, orðatiltæki, framburðaratriði, og allt annað sem ég hélt að gæti verið komið úr svartri amerískri ensku. Þá kannaði ég hvort orðin, orðatiltækin, framburðaratriði og allt annað sem ég var búinn að merkja væru í raun úr svartri amerískri ensku. Til þess að gera þetta notaði ég helst rafrænar orðabækur og gagnasöfn en einnig nokkrar greinir sem útskýrðu uppruna orða og orðatiltækja. Stundum var ekki að finna útskýringu í orðabókum eða gagnsafni og í slíkum tilvikum mun ég veita mína eigin orðskýringu. Annað sem þarf að nefna er að heimildir um hvert orð eru ekki alltaf fræðilegar og mun ég í slíkum tilvikum vísa til sterkustu raka þess að orðið eða orðatiltækið sé komið úr SAE. Að lokum hlustaði ég á lögin til þess að athuga framburðaratriði. Ég

skoðaði 194 lög með texta 10 flytjenda: Birnir, Herra Hnetusmjör, Emmsjé Gauti, Aron Can, JóiPé x Króli, Gísli Pálmi, Alexander Jarl, BlazRoca, XXX Rottweiler Hundar, og Úlfur Úlfur. Lögin spanna u.þ.b. 18 ára tímabil. Elstu lögín sem voru athuguð voru gefin út 2001 á meðan þau yngstu í mars 2019.

4.2.2 Orðatíðni

Í töflum hér að neðan er yfirlit yfir þau orð sem fundust í þeim íslenskum rapptextum sem athugaðir voru. Í töflunum eru eftirfarandi upplýsingar: orðin eins og þau eru í SAE ásamt merkingarskýringu, tíðni, birtingarmyndir hvers orðs í íslenskum textum, og dæmi. Vegna eðlis þessarar rannsóknar var ekki alltaf hægt að nálgast fræðilegar heimildir um tiltekin orð eða orðatiltæki. Þar af leiðandi mun vera vísað í sterkustu rökín sem til er fyrir hvert orð og orðatiltæki.

Annað sem þarf að nefna að eingöngu orðín sem eru frá SAE munu birta í þessum töflum.

Tafla 2: Lýsingarorð

Orð	Tíðni	Birtingarmyndir	Dæmi
<i>fly</i> 'flottur, í tísku' (Hinrichs 2016)	Fannst í 11/194 lögum	fly, flýgur, flýgari	„Klíkan alltaf dýra týpan Flýgari en fluglína” (Gísli Pálmi 2015)
<i>fresh</i> 'flottur, góður' (Urban Dictionary 2019)	Fannst í 8/194 lögum	fresh, ferskur, ferskari	„Og ég er svo fokking ferskur Tík þú veist ég er á því” (Gísli Pálmi 2015)
<i>fat/phant</i> 'flottur, í tísku' (Etymonline 2019)	Fannst í 5/194 lögum	feitt, feitari, feitur	„Ég sjá stjörnuhrap og það var fokking feitt” (Birnir, GKR 2018)

<i>dope</i> 'flottur, góður' (Dalzell 2015)	Fannst í 5/194 lögum	dópaður, dópaðri, dóp, dope	„Klíkan dópaðri en sýra” (Gísli Pálmi 2015)
<i>bad</i> 'sérstaklega góður' (Sidnell 2012)	Fannst í 4/194 lögum	bad, vonda, slæm, slæmar	„16 ára að muthafuckin vinna þetta Með tíu slæmar tíkur, sé um vinnuna” (Alexander Jarl, Aron Can 2016)
<i>wack</i> 'hallærislegur' (Widawski 2015:266)	Fannst í 3/194 lögum	whack, wack	„Fullt af whack motherfuckers vinna í senunni” (Birrir 2018)
<i>cool</i> 'flottur' (Sidnell 2012)	Fannst í 3/194 lögum	svalur, svalir	„Við erum svalir eins og á húsum, vínrauður dregill og básúnur” (Úlfur Úlfur 2015)
<i>down</i> 'óðfús, flottur' (<i>Merriam- Webster</i> 2019)(Gold 1924:87-88)	Fannst í 2/194 lögum	down	„Eigum við að fara upp, jájá já ég er down” (Emmsjé Gauti, Herra Hnetusmjör 2016)
<i>cray</i> 'brjálaður'	Fannst í 2/194 lögum	cray cray, cray	„Koma þær svona eða geri ég þær

(Gibbons 2011)			cray” (Alexander Jarl 2017)
<i>slang</i> ‘að gefa út’ (<i>Urban Dictionary</i> 2019)	Fannst í 1/194 lögum	slang’ a	„Þeir slang’ a dóp, drengur” (Herra Hnetusmjör 2017)
<i>on fleek</i> ‘fullkominn’ (Caldwell 2014)	Fannst í 1/194 lögum	on fleek	„Flíkin on fleek því flíkin mín er vönduð” (Alexander Jarl 2016)
<i>turnt</i> ‘fullur/í vimu, að hafa það gaman, æstur (að lýsa fólki), skemmtilegt (að lýsa hlutum)’ (Caldwell 2014)	Fannst í 1/194 lögum	turnt	„Ég er turnt en ég vil slaka” (Emmsjé Gauti 2016)

Tafla 3: Nafnorð

Orð	Tíðni	Birtingarmyndir	Dæmi
<i>homie</i> ‘vinur, félagi’ (<i>Etymonline</i> 2019)	Fannst í 24/194 lögum	homie, homies, hómí, homís	„Þetta er arfleið fjölskyldu buisness hómí ég á fokking hlutdeild” (Úlfur Úlfur 2015)
<i>po-po</i> ‘lögreglan’ (Ayers 2004:53)	Fannst í 3/194 lögum	pópó, po-po	„Pópó, eltir” (Gísli Pálmi 2016)

<i>shit</i> 'góður hlutur' (Pennington 2013)	Fannst í 3/194 lögum	shittið mitt, shittið	„Fresh Jive er shittið og ég sagga það” (Ásgeir Trausti, BlazRoca 2012)
<i>booty call</i> 'bólfélagi' (Hannon 2015)	Fannst í 2/194 lögum	bootycall, bootycallin	„Bootycallin bitches hringja bara um helgar” (Emmsjé Gauti 2016)
<i>trap king</i> 'dópsali' (Adaso 2017)(<i>Urban Dictionary</i> 2019)	Fannst í 2/194 lögum	trap king	„ég er boom bap bróðir sem er turned trap king” (Alexander Jarl 2017)
<i>cat</i> 'manneskja' (<i>The Online Etymology Dictionary</i> 2019)	Fannst í 2/194 lögum	cat	„þú ert hot dog ég er cool cat” (Birni, Emmsjé Gauti 2018)
<i>baby girl</i> 'vinalegt eða rómantískt orð fyrir kvenmann' (<i>Wiktionary</i> 2019)	Fannst í 1/194 lögum	baby girl	„Baby girl, hvað ertu að tala um” (Birni, Floni, Joey Christ 2018)
<i>nigga</i> 'félagi, karlmaður, niðurlægjandi orð yfir svart fólk'	Fannst í 1/194 lögum	náunginn	„slakasti náunginn í partýinu er einhver annar en ég” (Herra

(<i>Linternaute</i> 2019)			Hnetusmjör 2015)
<i>honey</i> 'kona' (<i>Urban Dictionary</i> 2019)	Fannst í 1/194 lögum	honnís	„Ég er með tíminu og tíma upp með hönkum og honnís” (Emmsjé Gauti 2016)
<i>baby mama drama</i> 'erfiðleikarnir sem geta verið til staðar þegar annað hvort móðir veit ekki hver faðir barnsins hennar er eða foreldrar barnsins eru ekki í sambandi' (Turner 2006)	Fannst í 1/194 lögum	baby mama drama	„Þjó til manneskju það er magnað, myndi gera allt fyrir hana Smá baby mama drama en það lagast síðan alltaf” (Emmsjé Gauti 2018)
<i>fam</i> 'fjölskylda, vinir' (<i>Oxford Living Dictionaries</i> 2019)(Caldwell 2016)	Fannst í 1/194 lögum	fam	„Því ég er fyrirliði, shoutout fam og vinir en hinir fara á bekkinn” (Emmsjé Gauti 2016)

Tafla 4: Sagnorð

Orð	Tíðni	Birtingarmyndir	Dæmi
<i>feel</i> 'að skilja, að líka við' (<i>The Online</i>	Fannst í 17/194 lögum	fíla, fílar, fýlar, fílað, fíli, fýla	„Mér er orðið slétt, hvort fólkið hati eða fíli mig”

<i>Slang Dictionary</i> 2019)			(Emmsjé Gauti 2013)
<i>pull up</i> 'að mæta á staðsetningu sem maður veit að ákveðin manneskja mun vera staðsett í þeim tilgangi til að berja manneskjuna' (eigin orðskýring)	Fannst í 12/194 lögum	púlla upp, púllupp, púllup, pulla upp	„Ó guð, Herra var að púlla upp á fjórum” (Herra Hnetusmjör 2018)
<i>keep it real</i> 'að vera heiðarlegur/hreinsk ilinn' (Sandler 2010)	Fannst í 3/194 lögum	keep it real	„Magse, fökk þitt rapp, “keep it real“ með bumbubana” (XXX Rottweiler Hundar 2001)
<i>twerk</i> 'að hrista rassinn rösklega, að dansa á þann hátt sem hermir eftir hreyfingu líkamans á meðan kynmökum stendur' (<i>The Online Etymology Dictionary</i> 2019)	Fannst í 2/194 lögum	twörk, twörkandi	„Finnur mig sjaklandi með flottustu gelluna twörkandi” (Herra Hnetusmjör 2014)

<i>dig</i> 'að líka við' (Sidnell 2012)	Fannst í 1/194 lögum	digga	„Stelpur voru að digga þetta og lífernið það freistaði” (BlazRoca, Dóri DNA, Sesar A 2007)
<i>style</i> 'að flotta sig' (<i>The Online Etymology Dictionary</i> 2019)	Fannst í 1/194 lögum	stylin'	„þú ert bara reiður því ég er stylin' on em” (Alexander Jarl 2016)
<i>bounce</i> 'að fara' (Nilsen og Nilsen 2017)	Fannst í 1/194 lögum	hoppaði	„Því ég hoppaði af klúbbnum niður á Bríetartorg” (Emmsjé Gauti 2016)

Tafla 5: Atviksorð

Orð	Tíðni	Birtingarmyndir	Dæmi
<i>on this/that/some _____ shit</i> 'að hegða sér í tilteknum hætti' (eigin orðskýring)	Fannst í 2/194 lögum	on this dumb shit, on some fake shit	„Ég er on this dumb shit, þó að ég sé klár” (Emmsjé Gauti 2016)
<i>mad</i> 'sérstaklega' (Yagoda 2014)	Fannst í 2/194 lögum	mad props, mad dough	„Ræni fyrir mad dough úr BYKO” (DJ Deluxe og XXX Rottweiler Hundar 2001)
<i>on the low</i>	Fannst í 2/194	on the low	„Ég var viðhald

‘í leyni’ (eigin orðskýring)	lögum		nokkra stelpna, on the low, drengur” (Herra Hnetusmjör 2017)
------------------------------	-------	--	--

Tafla 6: Hljóðgerving

Orð	Tíðni	Birtingarmyndir	Dæmi
<i>skrt skrt</i> ‘hljóð af bíl þegar snúið er um skyndilega’ (<i>Urban Dictionary</i> 2017)	Fannst í 1/194 lögum	skrt skrt	„Keyri út um fokking allt (skrt skrt)” (Birrir, Joey Christ 2017)

Tafla 7: Blönduð orð

Orð	Tíðni	Birtingarmyndir	Dæmi
<i>chill</i> (sagnorð, lýsingarorð) ‘að slaka á, að valda ekki neinum deilum’ (<i>Online Etymology Dictionary</i> 2019) (Óþekktur höfundur 1985:53) (<i>Springfield! Springfield!</i> 2019)	Fannst í 31/194 lögum	chilla, chillandi, tjilla, tjillandi, tjillin, chill, tjillaði, chillin	„Tjillandi með drykk í annari og blunt í hinni” (Emmsjé Gauti og Úlfur Úlfur 2013)
<i>swag</i> (nafnorð,	Fannst í 9/194	swag, swaggin,	„Allt sem ég geri,

lýsingarorð) 'sjálfsöryggi, flottur' (<i>Cambridge English Dictionary</i> 2019)	lögum	swagalegt	það er swagalegt" (Gísli Pálmi 2011)
<i>flex</i> (sagnorð, nafnorð) 'að flotta sig, það sem maður flottar sig um' (<i>Urban Dictionary</i> 2019)	Fannst í 9/194 lögum	að flexa, flexin'	„Geng hér inn með chestið í loftið Stúta dudes og flexa mane” (JóiPé x Króli 2017)
<i>baller</i> (nafnorð, lýsingarorð, sagnorð) 'efnaður maður, efnaður (að lýsa manneskjum), finn (að lýsa hlutum), 'að vera efnaður' (Kohl 2012)	Fannst í 9/194 lögum	baller, bawlin, ballin	„Hnetusmjör með kalt blóð, muhfuckin bawlin” (Herra Hnetusmjör 2014)
<i>diss</i> (sagnorð, nafnorð) 'að vanvirða, ókurteis staðreynd' (Sidnell 2012)	Fannst í 5/194 lögum	dissa	„Ég var að pæla í því að dissu einhverja sucka MC's” (Emmsjé Gauti 2016)
<i>shout out</i> (nafnorð, sagnorð) 'viðurkenning, að	Fannst í 4/194 lögum	shout-out, shout out, shoutout	„Peningurinn fór út en hann kom aftur inn

viðurkenna einhvern' (<i>Newsbytes Philippines</i> 2018)			Shout out á endurskoðandann minn" (Herra Hnetusmjör 2018)
<i>hustle</i> (sagnorð, nafnorð) 'að vera duglegur, aðferð sem maður notar til þess að eignast pening' (<i>Merriam-Webster</i> 2019)	Fannst í 2/194 lögum	hustlandi, hössla	„Jakkaföt og bindi, hössla með pýramídasvindli” (Alexander Jarl 2016)
<i>basic (bitch)</i> (lýsingarorð, nafnorð) 'innantómur, einhverjum sem líkar eingöngu við það sem er vinsælt í augnablikinu' (<i>Dictionary</i> 2019)	Fannst í 2/194 lögum	basic bitch, grunnar	„Og núna er ég basic bitch með mín mál uppá borðinu” (Emmsjé Gauti 2018)
<i>gangsta lean</i> (sagnorð, nafnorð) 'að halla sér eins aftarlega og hægt er þegar bíll er ekinn, hversu aftarlega maður getur hallað sér á	Fannst í 1/194 lögum	gangsta lean	„Vinstri hendi á stýrið, yayaya Puttann útum bílinn, yayaya Gangsta leanin', yayaya” (Alexander Jarl 2017)

meðan hann ekur bíl' (<i>Urban Dictionary</i> 2019)			
<i>bling bling</i> (nafnorð, upphrópun) 'skartgripir, upphrópun til þess að gorta af skartgripum' (jsmooth995 2003)	Fannst í 1/194 lögum	bling bling	„Með bling bling, baby, ching ching” (Alexander Jarl 2015)
<i>on lock</i> (lýsingarorð, atviksorð) 'undir stjórn' (eigin orðskýring)	Fannst í 1/194 lögum	on lock	„Er með 2everything on lock, ég er don” (Aron Can 2017)

Það sést hér vel að íslenskt rapp tekur mörg orð úr orðaforða svartar amerískrar ensku. Orð úr svartri amerískri ensku fundust í 121/194, eða kringum 62% af lögnum.

4.2.3 Birtingarmyndir

Orðin úr SAE sem sjást í þessum textum má flokka í fernt hvað varðar aðlögun að íslenskum rithætti og beygingum:

- a) enskur ritháttur og ensk orðmynd
- b) enskur ritháttur og íslensk orðmynd
- c) íslenskur ritháttur og ensk orðmynd
- d) íslenskur ritháttur og íslensk orðmynd

Allar þessar samsetningar eru algengar í þessum textum en þar eru tilhneigingar sem varða hvort þær.

4.2.3.1 Orð með enskum rithætti og enskri orðmynd

Orð með enskum rithætti og orðmynd voru algeng í öllum orðflokkum. Þau voru hins vegar algengust í orðatiltækjum og nafnorðum sem eru annað hvort tvö orð eða lengri eða lýsa tiltölulega flóknum hugmyndum. Sem dæmi má nefna *baby mama drama* eða *shout out* sem aðlöguðust ekki neitt að íslensku. Það eru tvær hugsanlegar ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi vegna þess að þessi hugtök eru oft erfitt að útskýra og skilja. Það gæti einnig verið vegna þess að það er aðeins erfiðara að þýða tveggja eða fleira orða hugtök yfir á annað mál heldur en eins orðs hugtök.

4.2.3.2 Orð með enskum rithætti og íslenskri orðmynd

Þessi orð voru algengust meðal sagnorða og lýsingarorða. Sem dæmi má nefna *pulla/púlla upp* og *swagalegt*. Það sem er athyglisvert hér er að þessi orð eru svipuð og orð sem eru nú þegar í íslensku en eru samt það öðruvísi að þau aðlagast ekki alla leið í íslensku. *Pulla upp* er með tvö *l* sem eru borið fram [l:], sem er frávik frá almennum framburði á samhljóðaklasanum *ll* sem er yfirleitt borið fram [tl]. Hins vegar er klasinn *ll* í tökuorðum borinn fram sem [l:] sbr. orðið *gallabuxur*. Þannig að höfundur textanna fannst það viðunandi að varðveita ensku stafsetninguna þótt að það væri borið fram á annan hátt en ef það væri alíslenskt orð. *Swagalegt* er mjög lík orðið *svakalegt*. Þar af leiðandi er auðvelt að sjá hvers vegna höfundur textanna ákvað að nota orðmyndunina *swagalegt* heldur en að reyna að breyta orðinu frekar.

Annað athyglisvert dæmi af þessu tagi er *twörkandi* (sem væri líklegast *twörka* í nafnhætti). Hér er einum staf skipt út fyrir annan sem er ekki til á ensku, en varðveittur er stafur sem er ekki til á íslensku. Orðið var fellt í þennan flokk vegna þess að stafsetningin hefur ekki alveg aðlagast íslensku en samt er áhugavert að sjá tilraun til að aðlaga orðið að íslensku að hluta til. Þetta er afar sérstakt fyrirbæri sem fannst aðeins í þessu orði.

4.2.3.3 Orð með íslenskum rithætti og enskri orðmynd

Þessi orð voru sjaldgæfustu allra orða í þessum textum. Þar voru engar augljóslegar tilhneigingar aðeins stakt dæmi: *honnís*. Ekki er vitað hvers vegna þetta er, en tilgátan mín er sú að höfundurinn fannst mikilvægara að varðveita framburð enska orðsins heldur en stafsetninguna. Á ensku væri þetta orð stafað *honeys* sem er borið fram [ˈhʌniz], frábrugðið íslenskum framburðarreglum. Þannig að það gæti verið að höfundurinn hafði fundið lausnina að stafa *honeys* á þann hátt sem íslenskumælendur gætu lesið almennilega.

4.2.3.4 Íslensk orð og önnur orð með íslenskum rithætti og íslenskri orðmynd

Þessi orð voru ekki jafn algeng og orð með enskum rithætti en þau voru til staðar í textunum. Þessi orð fundust í öllum orðflokkum og voru oft samstofnur af orðum. Lýsingarorð af þessu tagi sem birtust voru, meðal annars, *ferskur*, *feitur*, og *flýgur*, sem koma í staðinn fyrir *fresh*, *fat*, og *fly*. Nafnorð af þessu tagi voru *hómí* og *náungi* sem koma í staðinn fyrir *homie* og *nigga*. Sagnorð af þessu tagi eru *hoppa*, *dissa*, og *digga* í staðinn fyrir *bounce*, *diss*, og *dig*.

Þar voru tvær aðferðir sem textahöfundar nýttu sér. Ein aðferð er að nota íslensk orð og gefa þeim nýja merkingu. Dæmi um þetta eru nokkur. Eitt dæmi er *ferskur*, sem var upprunalega notað aðeins til þess að lýsa ávöxtum og grænmeti. Annað dæmi er *hoppa*, sem var aðeins notað til þess að lýsa hreyfingu upp og niður. Orðflokkur er einnig stundum breytt. *Flýgur* sem er sagnmynd af sagnorðinu *fljúga* en er í textunum hins vegar er *flýgur* notað sem lýsingarorð. Önnur aðferð var að búa til ný orð sem eru lík ensku orðunum. Dæmi um þetta væri *hómí*. Þessi aðferð er hugsanlega nýtt vegna tvenns. Í fyrsta lagi er þetta möguleg leið fyrir íslenska rappara til að aðgreina sjálfa sig frá vinsælum enskumælandi röppurum. Í öðru lagi, sérstaklega í sambandi við orðið *náungi* er þetta möguleg leið til þess að forðast notkun orðsins *nigga*, sem hefur móðgandi merkingu jafnt og vingjarnlega merkingu.

4.2.4 Framburðaratriði

Hlustað var sérstaklega á framburð rapparanna á orðunum í textunum til að kanna hvort framburðurinn hafi verið aðlagður að íslensku hljóðkerfi. Framburður SAE birtist í 96 af 194 lögum, eða 49% af lögnum sem skoðuð voru. Í flestum tilvikum var framburðurinn tekinn beint úr SAE, en stundum var einhvers konar

blöndun á milli SAE og íslensks framburðar. Hér verður greint frá helstu atriðum sem könnuð voru.

4.2.4.1 Einhljóðun tvíhljóða

Þetta framburðatriði sáust nokkrum sinnum í sambandi við orðið *bro*, stytting af *brother* sem þýðir *félagi* í þessu samhengi. *Bro* er borið fram [broʊ] í staðlaðri amerískri ensku, en er borið fram [brʌ] í SAE og einnig í lögunum sem skoðuð voru. Til þess að endurspegla þennan framburð skrifað var *bruh* í sumum textum. Önnur aðferð notuð til að tákna þetta framburðatriði var *bruv* sem sést í *Ekki Testa* eftir Alexander Jarl (Alexander Jarl 2017). Þessi framburður er hins vegar meira í átt við breska ensku.

4.2.4.2 Eyðing áherslulauss atkvæðis

Tvisvar í textunum var áherslulausu atkvæði sleppt. Þetta gerðist í bæði rithætti og framburði í sambandi við orðið *motherfucker*. Sem dæmi má nefna lagið *Blóðþyrstir Úlfar* eftir Herra Hnetusmjör þar sem orðið er ritað *muhfuckin* og er borið fram [ˈmʌˈfʌkɪn] af rapparanum í þessu lagi (Herra Hnetusmjör 2014).

4.2.4.3 Eyðing nefhljóðs

Frekar oft var nefhljóði sleppt þegar textarnir voru rappaðir. Þetta fyrirbæri sést helst í sambandi við orðið *man*. Í stað þess að vera borið fram [mæn] eins og í staðlaðri amerískri ensku eru íslenskir rapparar hlynntari því að bera þetta orð fram sem [mæ] þar sem [n] heyrir aðeins pínulítið. Stundum sést þessi framburðarbreyting í skriflegu textunum. Í laginu *Stælar* eftir JóiPé x Króla er dæmi um það þar sem ritað er *mane* til þess að tákna SAE útgáfuna af orðinu (JóiPé x Króli 2017).

4.2.4.4 [ð] verður [t]

Þetta fyrirbæri birtist aðeins einu sinni í laginu *O Shit* eftir JóiPé x Króla þar sem orðið *with* er borið fram sem [wɪt] eins og í SAE. Þessi framburður endurspeglast í textunum með því að stafa þetta orð sem *wit* (JóiPé x Króla 2017).

4.2.4.5 [ŋ] verður [n]

Þetta fyrirbæri er frekar áberandi í textunum og flutningum rapparanna. Þar var oftast skrifleg birtingarmynd af þessum framburði þar sem [g] var skipt út fyrir úrfellingarkommu. Sem dæmi má nefna lagið *Kevin Spacey* eftir Emmsjé Gauta þar sem textarnir innihalda orðin *dippin'*, *slippin'*, *sippin'*, og *chillin'* sem endurspeglar framburðinn af orðunum *dipping*, *slipping*, *sipping*, og *chilling* í staðlaðri ensku (Emmsjé Gauti 2016).

4.2.4.6 Eyðing [r]

Þetta fyrirbæri sést og heyrst mikið í textunum. Þegar [r] fylgir frammæltu sérhljóði er því oftast sleppt. Þetta sést helst í orðinu *motherfucker*, en það birtist einnig í orðunum *sucker* og *killer*. Hér fylgir dæmi af framburði þessara orða í SAE: [¹mʌðə¹fʌkə], [¹sʌkə] og [¹kɪlə]. Til þess að endurspeglar þetta var oft -a skrifað í staðinn fyrir -er endingar: *mothafucka*, *sucka*, og *killa*.

4.2.4.7 Ósamræmi á milli texta og flutninga, og blöndun framburðar íslensku og ensku

Ritháttur orðanna í textunum var ekki alltaf í samræmi við það sem rappararnir sögðu í lögnum sínum. Þetta sést best í orðinu *motherfucker*. Í *Lágmúlanum* eftir Emmsjé Gauta og Björnum er skrifað *mothafucka*, en borið fram sem einhvers konar blöndun af íslenskum og bandarískum enskum framburði: [¹mɔ¹fʌkə] (Emmsjé Gauti 2018). Í textunum voru alls konar birtingarmyndir af orðinu *motherfucker* sem sýndu blöndun af íslenskum jafnt og SAE framburði: *moðafokka*, *moðerfukka*, *mothafoka*, *motha'fokking*.

5. Lokaorð

Rapptónlist hefur tíðkast á Íslandi á síðastliðnum árum. Í desember 2017 birti fyrirtækið Síminn lista yfir vinsælustu lög íslenskra notenda á Spotify, þjónusta sem streymir tónlist á tölvum eða snjallsímum notenda. 8 af 10 vinsælustu tónlistarmönnum á Íslandi voru rapparar á þessu ári, fjórir þeirra íslenskir (Emmsjé Gauti, Aron Can, JóiPé x Króli). Margir þessara rappara nota SAE. Sem dæmi má nefna Kanye West og Kendrick Lamar. Enn fremur voru 8 af 10 vinsælustu lög í 2017 rapplög sem nota SAE, þ.m.t. fimm íslensk lög sem nota SAE (*Síminn* 2017). Emmsjé

Gauti var sagður af Símanum að vera vinsælasti íslenskur tónlistarmaðurinn á Spotify í 2016 á meðan Aron Can átti vinsælasta íslenska lagið sama árinu (Guðmundur Jóhannson 2017). Báðir þeirra hafa notuð SAE í lögum þeirra eins og nefnt var áður.

Greinilega hefur svört amerísk enska haft áhrif á íslenska rapptexta.

Setningaleg einkenni SAE sjást ekki mjög vel í textunum, en orðaforði og framburður frá SAE er hins vegar áberandi. Ég tel að áhrif svartar amerískrar ensku á íslenska rapptexta muni vaxa á komandi árum. Rapptónlist er orðin svo vinsæl á Íslandi að áhrif svartar amerískrar ensku mun vissulega styrkjast. Það verður spennandi að sjá hvernig þessi menning mun hafa áframhaldandi áhrif á Íslandi.

Heimildaskrá

- Adaso, Henry. 2017. The History of Trap Music. *ThoughtCo*. Sótt 4. mars 2019 af <https://www.thoughtco.com/history-of-trap-music-2857302>.
- Arnar Eggert Thoroddsen. 2018. Hvenær varð íslenskt rapp til og hver er saga þess? *Vísindavefurinn*. Sótt 10. mars 2019 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=64626>.
- Atli Þór Ægisson. 2017. Cell7 snýr aftur. *RÚV*. Sótt 26. mars 2019 af <http://www.ruv.is/frett/cell7-snyr-aftur>.
- Ayers, Rick. 2004. *Berkeley High School Slang Dictionary*. North Atlantic Books, Berkeley.
- Caldwell, Don. 2014. Eyebrows on Fleek. *Know Your Meme*, 12 nóvember. Sótt 11. apríl 2019 af <https://knowyourmeme.com/memes/eyebrows-on-fleek>. Uppfært af Adam Downer (2017).
- Caldwell, Don. 2014. Turnt. *Know Your Meme*, 9. desember. Sótt 20. febrúar 2019 af <https://knowyourmeme.com/memes/turnt>. Uppfært af MScratch (2015).
- Caldwell, Don. 2016. Fam. *Know Your Meme*, 3. ágúst. Sótt 18 febrúar 2019 af <https://knowyourmeme.com/memes/fam>. Uppfært af Don Caldwell (2016).
- Cambridge English Dictionary*. 2019. Sótt af <https://dictionary.cambridge.org/dictionary/english/>.
- Dalzell, Tom. 2015. The history of the word ‘dope’. *OxfordWords blog*. Sótt af 11.1 apríl 2019 af <https://blog.oxforddictionaries.com/2015/06/24/dope-etymology-history/>.

Dictionary. 2019. Sótt af <https://www.dictionary.com/e/slang/basic-bitch/>.

Dwivedi, Amitabh Vikram. 2015. Language, Identity, and Gender: A Study of Creole in the Caribbean. *Linguistics and Literature Studies* 3(1), bls. 11-17. Horizon Research Publishing, San Jose.

Gibbons, Sean. 2011. Cray Cray. *Know Your Meme*. Sótt 15. mars 2019 af <https://knowyourmeme.com/memes/cray-cray>.

Gold, Robert S. 1964. *A Jazz Lexicon*. A.A. Knopf, New York.

Guðmundur Erlingsson. 2001. Slangur, slettur, og tökuorð. *Málsgreinar*. Sótt 20. janúar 2019 af <http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=107#>.

Guðmundur Jóhannson. 2017. Spotify+Síminn: Emmsjé Gauti og Aron Can mennirnir 2016. *Síminn*. Sótt 13. apríl 2019 af <https://blogg.siminn.is/index.php/2017/01/09/spotifysiminn-emmsje-gauti-og-aron-can-mennirnir-2016/>.

Guðrún Kvaran. 2002. Hver er munurinn á slettum, slangri og tökuorðum? *Vísindavefurinn*. Sótt 20. janúar 2019 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2877>.

Guðrún Kvaran. 2004. Hvað er slangur gamalt fyrirbrigði? *Vísindavefurinn*. Sótt. 2. ágúst 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4464>.

Hannon, Blake. 2015. Comedian Bill Bellamy, who coined the phrase 'booty call,' at Comedy Off Broadway. *Lexington Herald Leader*. Sótt 11. apríl 2019 af <https://www.kentucky.com/entertainment/performing-arts/article44595804.html>.

Hinrichs, Joel Henry. What is the meaning of 'so fly'? *Quora*. Sótt 22. febrúar 2019 af <https://www.quora.com/What-is-the-meaning-of-so-fly>.

jsmooth995. 2003. Bling Etymology. *HipHopMusic*. Sótt 11. apríl 2019 af http://www.hiphopmusic.com/2003/04/bling_etymology.html.

Kohl, Matt. 2012. Hip-hop and the word 'baller'. *OxfordWords blog*. Sótt 16. febrúar 2019 af <https://blog.oxforddictionaries.com/2012/06/27/ballin-for-real/>.

Lewis, LaWanda. 2008. African American Vernacular English. *The University of Maryland McNair Scholars Undergraduate Research Journal*, bls. 155-165. Ritstýrt af Christine P. Mahan, Jerry L. Lewis og Wallace Southerland III. University of Maryland, College Park.

Linternaute. 2019. *Dictionnaire Français*. Sótt af <https://www.linternaute.fr/dictionnaire/fr/definition/nigga/>.

Merriam-Webster Dictionary. 2019. Sótt af <https://www.merriam-webster.com/>

Merriam-Webster Words At Play. The Origins of 'Side-Hustle'. Sótt 4. mars 2019 af <https://www.merriam-webster.com/words-at-play/words-were-watching-side-hustle>.

Newsbytes Philippines. 2018. Online Buzzword | The origin of 'shout-out'. Sótt 3. mars 2019 af <http://newsbytes.ph/2018/07/07/online-buzzword-the-origin-of-shout-out/>.

Nilsen, Alleen Pace og Don L.F. Nilsen. 2017. AAVE: African-American Vernacular English. *SlideShare*. Sótt 20. febrúar 2019 af <https://www.slideshare.net/majorfun/aave-africanamerican-vernacular-english>.

Online Etymology Dictionary. 2019. Sótt af <https://www.etymonline.com/>.

Oxford Living Dictionaries. 2019. Sótt af <https://en.oxforddictionaries.com/>.

Óþekktur höfundur. 1985. Celebrity Beat. *JET* 69:53.

Packer, Martin J. 2001. Black English. *Duquesne University*. Sótt 12. febrúar 2019 af <http://www.mathcs.duq.edu/~packer/Courses/Psy598/Black%20English.pdf>.

Pennington, Jon. Where does the phrase ‘This is the shit’ come from? *Quora*. Sótt 21. febrúar 2019 af <https://www.quora.com/Where-does-the-phrase-This-is-the-shit-come-from>.

Pollock, K., Bailey, G., Berni, Fletcher, Hinton, L.N., Johnson, Roberts, Weaver. 1998. Phonological Features of African American Vernacular English (AAVE). *University of Alberta*. Sótt 1. ágúst 2018 af <http://www.rehabmed.ualberta.ca/spa/phonology/features.htm>.

Pullum, Geoffrey K. 1999. African American Vernacular English Is Not Standard English With Mistakes. *The Workings of Language*, bls. 39-58. Ritstýrt af Rebecca S. Wheeler. Praeger, Westport.

Rósa María Hjörvar. 2019. *79 af Stöðinni*. Erindi flutt á Háskóli Íslands námskeiðinu Íslenskar bókmenntir II: Nútíminn nemur land, Reykjavík.

Sandler, Lewis. 2010. *Origin of Words Podcast*. Lewis Sandler, Peking. [Hlaðvarp].

Sidnell, Jack. 2002. African American Vernacular English (AAVE) Grammar. *Center for Democracy and Technology*. Sótt 8. janúar 2019 af https://cdt.org/files/2017/11/Outline_of_AAVE_grammar__Jack_Sidnell_2002_1_Afr.pdf.

Sidnell, Jack. 2012. African American Vernacular English (Ebonics). *Language Varieties*. Sótt 12. janúar 2019 af <https://www.hawaii.edu/satocenter/langnet/definitions/aave.html#top-AAVE>.

Síminn. 2017. Aron Can vinsælastur íslenskra á Spotify 2017. Sótt 1. ágúst 2018 af <https://www.siminn.is/forsida/siminn/i-fjolmidlum/frettir/frett/2017/12/14/aron-can-vinsaelastur-islenskra-a-spotify-2017>.

Sóley Rut Þrastardóttir. 2015. Erlend áhrif á íslenska tungu: Börn og unglingar. *BA-ritgerð í nútímafræði*. Háskólinn á Akureyri, Akureyri. Sótt 14. mars 2019 af <https://skemman.is/bitstream/1946/21831/1/Erlend%20%C3%A1hrif%20%C3%A1%20%C3%ADslenska%20tungu.pdf>.

Springfield! Springfield!. 2019. Krush Groove Movie Script. Sótt 16. febrúar af https://www.springfieldspringfield.co.uk/movie_script.php?movie=krush-groove.

Staub, Peter og Jason Zentz. 2017. Fixin' to. *Yale Grammatical Diversity Project: English in North America*. Sótt 12. febrúar 2019 af <https://ygdp.yale.edu/phenomena/fixin-to>. Uppfært af Katie Martin (2018).

The Online Slang Dictionary (American, English, and Urban slang). 2019. Sótt af <http://onlineslangdictionary.com/meaning-definition-of/feel>.

Turner, Julia. 2006. Where Do “Baby-Daddies” Come From?. *Slate*. Sótt 11. apríl 2018 af <https://slate.com/human-interest/2006/05/a-brief-history-of-baby-daddies.html>.

Urban Dictionary. 2019. Sótt af <https://www.urbandictionary.com/>.

Veenendaal, Eva, Karlijn Straatjes, og Hedde Zeijlstra. 2014. What negation can tell us about the origin of African American Vernacular English*. *Linguistics in Amsterdam 7*, bls. 25-44. Ritstýrt af Linguistics in Amsterdam. Digital Production Centre, Amsterdam.

Widawski, Maciej. 2015. *African American Slang: A Linguistic Description*.
Cambridge University Press, Cambridge.

Wiktionary. 2019. babygirl. Sótt 16. febrúar 2019 af
<https://en.wiktionary.org/wiki/babygirl>.

Yagoda, Ben. 2014. It's a Mad (Mad) World. *The Chronicle of Higher Education*.
Sótt 28. febrúar af
<https://www.chronicle.com/blogs/linguafranca/2014/04/03/its-a-mad-mad-world/>.

Zienkiewicz, Stephanie. 2008. African American Vernacular English (AAVE).
Portland State University. Sótt 1. ágúst 2018 af
<https://www.pdx.edu/multicultural-topics-communication-sciences-disorders/african-american-vernacular-english-aave>.

Söngvatextar

Alexander Jarl. *2013*. Genius. Sótt 4. desember 2018 af

<https://genius.com/Alexander-jarl-2013-lyrics>.

Alexander Jarl. *Ekki testa*. Genius. Sótt 4. desember 2018 af

<https://genius.com/Alexander-jarl-prin-ali-lyrics>.

Alexander Jarl. *Engar Tilfinningar*. Genius. Sótt 4. desember 2018 af

<https://genius.com/Alexander-jarl-engar-tilfinningar-lyrics>.

Alexander Jarl. *Gangsta Lean*. Genius. Sótt 4. desember 2018 af

<https://genius.com/Alexander-jarl-gangsta-lean-lyrics>.

Alexander Jarl. *PRIN\$ ALI*. Genius. Sótt 4. desember 2018 af

<https://genius.com/Alexander-jarl-prin-ali-lyrics>.

Alexander Jarl. *Vatos Locos*. Genius. Sótt 4. desember 2018 af

<https://genius.com/Alexander-jarl-vatos-locos-lyrics>.

Alexander Jarl. *Veist ekki*. Genius. Sótt 4. desember 2018 af

<https://genius.com/Alexander-jarl-veist-ekki-lyrics>.

Alexander Jarl og Aron Can. *NO DEAL*. Genius. Sótt 3. desember 2018 af

<https://genius.com/Alexander-jarl-no-deal-lyrics>.

Aron Can. *Ég Fer Út*. Genius. Sótt 3. desember 2018 af

<https://genius.com/Aron-can-eg-fer-ut-lyrics>.

Ásgeir Trausti og BlazRoca. *Hvítir skór*. Genius. Sótt 3. desember 2018 af

<https://genius.com/Blazroca-and-asgeir-trausti-hvitir-skor-lyrics>.

Birnir. *Dauður*. Genius. Sótt 18. október 2018 af

<https://genius.com/Birnir-dauur-lyrics>.

Birnir og Emmsjé Gauti. *Lágmúlinn*. Genius. Sótt 18. október 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-lagmulinn-lyrics>.

Birnir, Floni, og Joey Christ. *OMG*. Genius. Sótt 18. október 2018 af

<https://genius.com/Floni-omg-lyrics>.

Birnir og GKR. *Úff*. Genius. Sótt 18. október 2018 af

<https://genius.com/Gkr-uff-lyrics>.

Birnir og Joey Christ. *Túristi*. Genius. Sótt 18. október 2018 af

<https://genius.com/Joey-christ-turisti-lyrics>.

BlazRoca, DóriDNA, og Sesar A. *Syndikat*. Genius. Sótt 3. desember 2018 af

<https://genius.com/Sesar-a-syndikat-lyrics>.

DJ Deluxe og XXX Rottweiler Hundar. *Brekkusöngur?*. Genius. Sótt 3. desember

2018 af <https://genius.com/Xxx-rottweiler-hundar-brekkusongur-lyrics>.

Emmsjé Gauti. *Djammæli*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-djampli-lyrics>.

Emmsjé Gauti. *Frumskógur*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-frumskogur-lyrics>.

Emmsjé Gauti. *Hættur*. Genius. Sótt 9. nóvember 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-httur-lyrics>.

Emmsjé Gauti. *Kevin Spacey*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-kevin-spacey-lyrics>.

Emmsjé Gauti. *Loftsteinn*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-loftsteinn-lyrics>.

Emmsjé Gauti. *Lyfti mér upp*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-lyfti-mer-upp-lyrics>.

Emmsjé Gauti. *Mér liður vel*. Genius. Sótt 9. nóvember 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-lyfti-mer-upp-lyrics>.

Emmsjé Gauti. *Nýju fötin keisarans*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-nyju-fotin-keisarans-lyrics>.

Emmsjé Gauti. *Strauja*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-strauja-lyrics>.

Emmsjé Gauti og Herra Hnetusmjör. *Þetta má*. Genius. Sótt 18. október 2018 af

<https://genius.com/Emmsje-gauti-etta-ma-lyrics>.

Emmsjé Gauti og Úlfur Úlfur. *Á meðan ég er ungur*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Ulfur-ulfur-a-mean-eg-er-ungur-lyrics>.

Gisli Pálmi. *Geysir*. Genius. Sótt 10. desember 2018 af

<https://genius.com/Gisli-palmi-geysir-lyrics>.

Gisli Pálmi. *Hvað er uppi frændi?*. Genius. Sótt 10. desember 2018 af

<https://genius.com/Gisli-palmi-hva-er-uppi-frndi-lyrics>.

Gisli Pálmi. *Píramídar*. Genius. Sótt 10. desember 2018 af

<https://genius.com/Gisli-palmi-piramidar-lyrics>.

Gísli Pálmi. *RORO*. Genius. Sótt 10. desember 2018 af

<https://genius.com/Gisli-palmi-ro-ro-lyrics>.

Herra Hnetusmjör. *Blóðþyrstir Úlfar*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Herra-hnetusmjor-bloyrstir-ulfar-lyrics>.

Herra Hnetusmjör. *Elías*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Herra-hnetusmjor-elias-lyrics>.

Herra Hnetusmjör. *Jámarh*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Herra-hnetusmjor-jamarh-lyrics>.

Herra Hnetusmjör. *Keyra*. Genius. Sótt 31. mars 2019 af

<https://genius.com/Herra-hnetusmjor-keyra-lyrics>.

Herra Hnetusmjör. *Stakkandi/Staflandi*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Herra-hnetusmjor-stakkandi-staflandi-lyrics>.

Herra Hnetusmjör. *Upp til hópa*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Herra-hnetusmjor-upp-til-hopa-lyrics>.

Herra Hnetusmjör. *Það er ég*. Genius. Sótt 19. október 2018 af

<https://genius.com/Herra-hnetusmjor-a-er-eg-a-er-ekki-u-lyrics>.

JóiPé x Króli. *O Shit*. Genius. Sótt 9. nóvember 2018 af

<https://genius.com/Joipe-x-kroli-o-shit-lyrics>.

JóiPé x Króli. *Stælar*. Genius. Sótt 3. desember 2018 af

<https://genius.com/Joipe-x-kroli-stlar-lyrics>.

Ómar Suarez og XXX Rottweiler Hundar. *XXX*. Genius. Sótt 3. desember 2018 af

<https://genius.com/Xxx-rottweiler-hundar-xxx-lyrics>.

Úlfur Úlfur. *100.000*. Genius. Sótt 3. desember 2018 af

<https://genius.com/Ulfur-ulfur-100000-lyrics>.

XXX Rottweiler Hundar. *XXX*. Genius. Sótt 3. desember 2018 af

<https://genius.com/Xxx-rottweiler-hundar-xxx-lyrics>.